

Friðrik Georgsson
fánahyllir á 17. júní 2024

Friðrik Georgsson er fæddur í Keflavík 17. júlí 1944 og er því jafn gamall lýðveldinu sem á auðvitað 80 ára afmæli í dag. Foreldrar hans voru Georg Helgason, fiskmatsmaður og verkstjóri hjá Skipaafgreiðslu Suðurnesja og Jóhanna Friðriksdóttir húsmóðir.

Friðrik lauk barnaskólanámi, gagnfræðaskólanámi og iðnnámi frá Iðnskólanum í Keflavík í rafvélavirkjun og var fyrsti neminn sem brautskráðist í því fagi árið 1965. Friðrik hlaut meistara réttindi 1969 og löggildingu ári síðar. Hann starfaði við iðngrein sína en lauk síðar prófi frá Tollskóla Íslands og vann við tollgæslu jafnhliða iðngrein sinni til starfsloka.

Friðrik er giftur Önnu Jónsdóttur fyrrverandi kennara og starfsmanni Hitaveitu Suðurnesja og eiga þau fjögur börn; Guðrúnu Sigríði Friðriksdóttur, Georg Eini Friðriksson, Júlíus Gísli Þór Friðriksson og Jóhann Friðrik Friðriksson. Þá eiga þau 10 barnabörn og 8 barnabarnabörn.

Á yngri árum var Friðrik í Skátafélaginu Heiðabúum og var ásamt fleirum Helga S. Jónssyni til aðstoðar þegar Helgi vann að gerð landvættanna sem nú prýða stöpul flaggstangarinnar hér fyrir aftan okkur.

Friðrik hefur alla tíð verið mjög virkur í samfélagsmálum. Hann var formaður Þjóðhátíðarnefndar á sínum tíma og í mörg ár félagi í Lionshreyfingunni. Um langt árabil sat Friðrik í byggingarnefnd Keflavíkur og Reykjanesbæjar eftir sameiningu og var formaður hennar um skeið. Friðrik var einnig virkur í stjórn málastarfi alla sína tíð og lét byggingarmál og framfaramál í sveitarfélaginu sig varða.

Reykjanesbær þakkar Friðriki fyrir framlag hans til uppbyggingar samfélagsins hér í Reykjanesbæ og er hann vel að þessum heiðri kominn.

Megir þú hafa þökk fyrir.